

VIÐAUKI

Framtíðarmöguleikar

Breiðafjarðar

Skilaboð íbúafunda



Framtíðarmöguleikar Breiðafjarðar Skilaboð íbúafunda



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



Vestfjarðastofa



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Byggðaáætlun



Vestfjarðastofa

Framtíðarmöguleikar Breiðafjarðar – Skilaboð íbúafunda

SAMANTEKT

Breiðafjörður er einstakur og hafa þarf markmið sjálfbærni að leiðarljósi við ákvarðanir um nýtingu, verndun og uppbyggingu á svæðinu. Byggja þarf á rannsóknum, þar sem rannsóknarstofnanir við fjörðinn gegna lykilhlutverki. Til að tryggja farsæla stefnumörkun til framtíðar, sem verði náttúru, atvinnulífi og samfélögum í hag, þarf að sækja í þekkingarbrunn og sjónarmið íbúa og hagaðila, með virku samtali.

Þetta eru meginartilaboð þriggja funda um „Framtíðarmöguleika Breiðafjarðar – leit að jafnvægi milli verndar og nýtingar“, en þeir voru hluti af verkefninu „Forsendugreining fyrir verndun Breiðafjarðar með tilliti til byggðapróunar og sjálfbærrar nýtingar“.

Fundirnir voru haldnir í marsmánuði 2024, í Stykkishólmi, á Laugum í Sælingsdal og að Birkimel á Barðaströnd. Meginmarkmið þeirra var að kynna og fá fram umræðu meðal íbúa og hagaðila um drög að tillögum sem stýrihópur verkefnisins hyggst afhenda umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Um er að ræða átta tillögur:

- Löggjöf um skipulag haf- og strandsvæða (lög nr. 88/2018) verði nýtt hið fyrsta við skipulag Breiðafjarðar.
- Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar verði hnitsett.
- Greina kosti og galla þess að skrá verndarsvæði Breiðafjarðar (eða hluta þess) á lista UNESCO, á Ramsar skrá og/eða gera Breiðafjörð að þjóðgarði.
- Sveitarfélög á svæðinu skapi sameiginlegan vettvang til samtals.
- Öflugar rannsóknir – rannsóknarstofnanir og þekkingarnet við Breiðafjörð.
- Rannsóknaráætlun um þolmörk vistkerfis Breiðafjarðar og vöktun á lífríki.

- Landvarsla verði eflid í þeim tilgangi að auka umsjón með og fræðslu um svæðið.
- Starf Breiðafjarðarnefndar – auka framlög til að gera nefndinni betur kleift að sinna hlutverki sínu.

Einnig fylgir kafli um byggðapróun, um þætti sem eru grundvallarforsenda byggðapróunar á svæðinu, s.s. samgöngur, afhendingaröryggi raforku, fjarskiptamál og tækifæri til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar.

Tillögurnar byggja á sviðsmynd sem kallast „Breiðfirskir straumar“, þar sem stefnt er að fjölbreyttri atvinnu og mikilli verndun. Samkvæmt henni einkennist framtíðarþróun við Breiðafjörð af þremur atriðum:

- Öflugt rannsóknarstarf sem styrkt er af yfirvöldum.
- Langtímahugsun í allri uppbyggingu.
- Sjálfbærniáherslur blómstra.

Auk sviðsmyndagreiningar hefur farið fram stöðugreining, þar sem dregin er fram sérstaða Breiðafjarðar og einnig var gerð greining á hagrænu virði Breiðafjarðar.

Samtals tóku um 90 manns þátt í fundunum, sem voru í bland kynningar- og umræðufundir. Kynntar voru ofangreindar greiningar og sviðsmyndir og síðan ræddu og rýndu þátttakendur tillögur stýrihóps, en höfðu jafnframt fullt frelsi til að ræða önnur málefni sem varða framtíð Breiðafjarðar.

Þó svo að heyrst hafi raddir um að vernd sé óþörf, virðist ríkja grundvallar samþykki um að fara þurfi gætilega við ákvarðanir um nýtingu fjarðarins, en varast öfgar. Ekki komu fram efasemdir um að stefna skuli að sviðsmyndinni „Breiðfirskir straumar“. Mikilvægt sé að virða eignarétt og byggja á þekkingu, þar sem almenningur við Breiðafjörð, atvinnulíf og sérfræðingar, leggi saman krafta sína. Á

næstu árum mun m.a. þurfa að marka stefnu um nýtingu þangs og þara og orkumál, þ.m.t. mögulega virkjun sjávarfalla. Sveitarfélögin gegna lykilhlutverki og ættu að skapa sameiginlegan vettvang til samtals. Taka þarf af öll tvímæli um mörk verndarsvæðisins, að mati þátttakenda.



Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
1.1. Um fundina	5
1.2. Forsendur samráðs.....	6
1.3. Fyrirvarar	6
2 Niðurstöður – leit að jafnvægi	7
3.1. Skipulag haf- og strandsvæða	9
3 Breiðfirskir straumar – Drög að tillögum stýrihóps	9
3.2. Mörk verndarsvæðis hnitsett	11
3.3. Greina kosti og galla UNESCO, Ramsar og þjóðgarðs	11
3.4. Samtal sveitarfélaga á svæðinu.....	13
3.5. Öflugar rannsóknir og þekkingarnet	14
3.6. Rannsóknaráætlun um þolmörk og vöktun.....	15
3.7. Landvarsla verði eflid	16
3.8. Starf Breiðafjarðarnefndar.....	17
3.9. Byggðapróun	18
4 Ályktanir	19
Heimilidir	20

Dau sem tóku þátt í fundum um framtíðarmöguleika Breiðafjarðar, í Stykkishólmi, á Laugum í Sælingsdal og Birkimel á Barðaströnd, fá bestu þakkir fyrir sitt framlag.



1. Inngangur

Samantekt þessi fjallar um skilaboð þriggja kynningar- og umræðufunda, sem haldnir voru í mars 2024, undir yfirskriftinni: „Framtíðarmöguleikar Breiðafjarðar – leit að jafnvægi milli verndar og nýtingar“.

Fundirnir voru hluti af verkefni um „forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar með tilliti til byggðapróunar og sjálfbærrar nýtingar“ og undirbúnir af stýrihópi ásamt samráðshópi. Vinnan var leidd af verkefnisstjórn stýrihóps, Sigríði Finsen, formanni stýrihópsins, Aðalsteini Óskarssyni, sviðsstjóra byggðamála hjá Vestfjarðastofu og Páli S. Brynjarssyni, framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Þau þrjú sáu um kynningar á fundunum, auk Vífils Karlssonar, hagfræðings sem sagði frá hagrænni greiningu sinni. Með verkefnisstjórninni starfaði Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI, sem hafði umsjón með fundunum og vann þessa samantekt. Ljósmyndir eru frá ILDI og eru birtar samkvæmt leyfi frá þátttakendum.

Á fund í Stykkishólmi, 11. mars, mættu um 50 manns og síðan voru 17 þátttakendur á hvorum fundi, á Laugum í Sælingsdal, 25. mars og á Birkimel á Barðaströnd, 26. mars. Samtals tóku því hátt í 90 manns þátt í umræðu um málefni Breiðafjarðar.

Þegar spurt var, við upphaf fundanna, hvers vegna fólk var komið, var það ýmist vegna beinna hagsmuna, atvinnu, eða áhuga á málefninu. En umfram allt vegna þess að fólk ber hag náttúru og samfélags við Breiðafjörð fyrir brjósti.

Allir fundirnir einkenndust af miklum áhuga og líflegri umræðu.

1.1. Um fundina

Markmið fundanna var að kynna afrakstur þeirrar vinnu sem farið hefur fram í tengslum við verkefnið um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar með tilliti til byggðapróunar og sjálfbærrar nýtingar og eiga samráð um þær tillögur sem stýrihópur hefur mótað í samstarfi við samráðshóp sveitarfélaganna við Breiðafjörð.

Fundirnir hófust á kynningum, sem hér segir:

- Stöðugreining Breiðafjarðarsvæðis.
- Hagrænt virði Breiðafjarðar – getur hagfræðin metið hagrænt virði Breiðafjarðar og hvert væri það?
- Framtíð Breiðafjarðar – Sviðsmyndir um mögulega framtíð Breiðafjarðar 2040.
- Drög að tillögum stýrihóps til umhverfis-, orku og loftslagsráðherra, út frá sviðsmyndinni „Breiðfirskir straumar“.

Í framhaldi af kynningum fóru fram umræður um tillögurnar, í 4 – 6 manna hópum. Notuð var aðferð sem kallast „Heimskaffi“ (e. World Café), sem notuð hefur verið um allan heim, í um þrjá áratugi.

Hóparnir rýndu og ræddu tillögurnar og skráðu afrakstur umræðunnar niður á stór blöð á borðunum. Unnið var í þremur umferðum, í annarri umferð skiptu flestir þátttakendanna um borð og þannig voru rædd fleiri sjónarmið. Í þriðju og síðustu umferð, var farið aftur í upphafshópin og að lokum kom hver hópur sér saman um sína niðurstöðu.

1.2. Forsendur samráðs

Þegar boðið er til samráðs, felst í því ákveðin skuldbinding gagnvart þátttakendum. Hvernig stendur til að nýta afrakstur samráðsins í tengslum við ákvarðanatöku?

Fundur getur verið upplýsingafundur, þar sem ekki er svigrúm til að hlusta á sjónarmið þátttakenda og svo er hægt að ganga svo langt að setja endanlega ákvörðun í þeirra hendur. En það er hægt að velja þrjá kosti þarna á milli, samanber skilgreiningar um „Stig þátttöku“, meðal annars frá alþjóðlegum samtökum um þátttöku almennings, „International Association for Public Participation, IAP2“!¹



Ákveðið var fundirnir yrðu á stigi tvö, „Leita ráða“ og var loforðið til þátttakenda svohljóðandi: „Við munum upplýsa ykkur, hlusta og viðurkenna áhyggjuefni ykkar og metnaðarmál og gera grein fyrir hvernigskilaboð ykkar höfðu áhrif á ákvörðunina“. Þannig er stýrihópur ekki að skuldbinda sig til að breyta tillögum, út frá umræðunum, en hann getur gert það. Samtalið gaf hins vegar dýrmæta rýni á tillögurnar og vísbendingu um stuðning við þær. Fundargestum var boðið upp á að skrá netföng sín á póstlista og munu þeir fá tölvupóst með þessari samantekt og síðan endanlegum tillögum stýrihóps til ráðherra, þegar þær liggja fyrir.

1.3. Fyrirvarar

Af ofangreindu má sjá, að á fundunum var ekki verið að taka ákvarðanir, eða fá fram samþykki þátttakenda fyrir einstökum tillögum eða málefnum, sem komu til umræðu. Í hópum voru öll sjónarmið skráð á blað og þannig reynt að fanga allt sviðið. Af því leiðir, að umfjöllunin hér á eftir kann stundum að virðast misvísandi, en reynt er að draga fram megin skilaboð. Orðalag þátttakenda er ráðandi, eins og kostur er og tilvitnanir sem teknar eru út úr texta, koma beint frá þeim.



¹International Association for Public Participation, IAP2:
https://cdn.ymaws.com/www.iap2.org/resource/resmgr/pillars/Spectrum_8.5x11_Print.pdf

2 Niðurstöður – leit að jafnvægi

„Framtíðarmöguleikar Breiðafjarðar – Leit að jafnvægi milli verndar og nýtingar“, var yfirskrift fundanna þriggja, eins og fram hefur komið. Umræðum lauk með því að hver hópur var beðinn um að setja á blað eitt atriði, sem svar við þessari spurningu: „Í leitinni að jafnvægi milli verndar og nýtingar – hvað skiptir mestu máli?“.

Þessi kafli byggir á þessum niðurstöðum hópanna.

Þó svo að heyrst hafi raddir um andstöðu við verndun Breiðafjarðar yfirleitt og efasemdir um gagnsemi Breiðafjarðarnefndar, voru yfirgnæfandi skilaboð um að stefna skuli að jafnvægi milli verndar og nýtingar. Það vekur hins vegar spurningu um hvað „jafnvægi“ þýðir í hugum fólks, í þessu tilliti.

Lítum á það sem rataði á blað í niðurstöðum hópa, um þetta:

- Ekki gengið um of á auðlindir – jafnvægi.
- Vernd = Nýting > Jafnvægi.
- Vernd verður að byggjast á þölmörkum atvinnu. Ef engin er atvinna þá er tilgangslaus vernd = dauði. Fjölbreytt atvinnulíf kemur á undan vernd.
- Jafnvægi verndunar og nýtingar. Efla rannsóknir á öllu lífríkinu svo verndun og nýting fari saman. Sjálfbærni.

Í niðurstöðum frá hópum, kom fram áhersla á mikilvægi vísindalegra rannsókna, til að leita þessa jafnvægis og þar bæði vísað til rannsókna almennt og rannsóknaráætlunar um þölmörk og vöktun. Ákvarðanir um nýtingu ættu alltaf að byggja á haldbærum upplýsingum og gögnum, var sagt. Líta ætti sérstaklega til þeirrar þekkingar sem heimamenn búa yfir og að hún ætti síðan að verða „...grundvöllur

rannsókna og vísindastarfs“. Hér var m.a. komið inn á eflingu Breiðafjarðarnefndar. Tvinna ætti saman þekkingu þeirra sem eru að nýta auðlindir, atvinnulífs, landeigenda og annarra heimamanna, við þekkingu sérfræðinga. Einnig rataði hugmynd um „samstarf um rannsóknasetur“, á blað.

Mikilvægt er, að mati þátttakenda, að fram fari opið samtal milli ólíkra aðila, í þeirri vinnu sem framundan er og þar gegna sveitarfélögin lykilhlutverki. Þá var sagt: „Leggja grunn að vernd og nýtingu með haf- og strandsvæðaskipulagi og svæðisskipulagi“. Markmiðið væri: „Sameiginleg sýn, sem maður fær í gegnum rannsóknir, skipulag (haf- og strand), skilgreiningu á svæði. OG KLÁRA VERKIÐ“.

Stungið var upp á að sett verði „tímasett markmið næstu 2 – 5 árin sem innihalda: Rannsóknir, innviði/fjármögnun, nýta staðbundna þekkingu“.

Einhverjir hópanna töldu þjóðgarð vera spennandi kost og að Ramsar gæti átt við um stök svæði. Aðrir sögðu: „Landeigendur stjórnir umferð um sitt svæði“.



„Efla rannsóknir á öllu lífríkinu svo verndun og nýting fari saman“

Einn hópanna orðaði niðurstöðu sína svo: „Þekking á því sem er og á því hvað gera skal. Virðing fyrir þekkingu heimafólks, samráð til góðs. Virðing fyrir náttúru og landi“ og annar sagði: „Náttúran njóti alltaf vafans“.

Það orð sem kom lang oftast fyrir í niðurstöðum hópa var hugtakið **sjálfbærni**, t.d. „sjálfbær nýting auðlinda“ og „sjálfbær nýting í höndum heimamanna“.

Til eru margvíslegar skilgreiningar á sjálfbærni og ekki alltaf ljóst hvað átt er við. En hér er eitt dæmi um hvað sjálfbærni þýðir: ²

„Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.“ Gro Harlem Brundtland

Og á vef Festu, miðstöðvar um sjálfbærni segir: „Slík þróun snýst um að huga að efnahagslegum verðmætum um leið og gæðum náttúrunnar er viðhaldið eða þau endurbyggð og mannréttindi efla fyrir alla jarðarbúa til langs tíma. Markmið sjálfbærrar þróunar er að koma á sjálfbærni í samfélaginu í heild og á jörðinni“.

²<https://www.sjalbbaer.is/sjalbaerri>

Hér er gerð tilraun til myndrænnar framsetningar á niðurstöðum hópa:



3 Breiðfirskir straumar – Drög að tillögum stýrihóps

Lögð voru fram til kynningar og umræðu, drög að tillögum stýrihóps, til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Tillögurnar eru samtals átta, en einnig fylgir kafli um byggðapróun, þar sem komið er inn á öll helstu hagsmunamál vegna þróunar byggðar við Breiðafjörð.

Tillögum er ætlað að skilgreina leiðir til að raungera sviðsmyndina „Breiðfirskir straumar“, samkvæmt sviðsmyndagreiningu. Þær eru fjölbreyttar og beinast að nokkrum aðilum.

Dæmi voru um að fundargestum fannst þau ekki hafa næga þekkingu til að ræða sumar tillagnanna til hlítar, en fólk var hvatt til að binda sig ekki við þær eingöngu, heldur ræða opið um málefni Breiðafjarðar, út frá sinni reynslu, þekkingu og áhuga.

3.1. Skipulag haf- og strandsvæða

Sú tillaga sem stýrihópur leggur mesta áherslu á og fékk mest vægi í kynningum var að:

Löggjöf um skipulag haf- og strandsvæða (lög nr. 88/2018) verði nýtt hið fyrsta við skipulag Breiðafjarðar

Frekar var tekið undir þá tillögu en hitt að stefna að gerð haf- og strandsvæðaskipulags fyrir Breiðafjörð, með það að markmiði að leggja grunn að vernd og nýtingu. Reyna ætti að komast að niðurstöðum um forgangsröðun verðmæta; lífríki eða atvinnulíf, eins og það var orðað. Meðal röksemda sem studdu tillöguna, var að slíkt skipulag „...gefur heimamönnum betri tök á stýringu og vinnslu auðlinda“.

Þó voru settir fram ýmsir varnaglar og varpað fram spurningum. Einnig var bent á að haf- og strandsvæðaskipulag sé ekki einfalt og að það taki ekki á eiginlegu verndarsvæði.

Sérstök áhersla var lögð á, að ef af verður, fari slík vinna fram í samstarfi við heimafólk til að nýta þá reynslu og þekkingu sem þau búa yfir og

kallað eftir samráði við ákvarðanatöku. Sagt var: „Vönduð vinna, heiðarleiki og gagnsæi einkenni alla þessa vinnu. Áfangaskipt og kynningar“.

Varpað var fram hugmynd um að samhliða verði unnið að svæðis- skipulagi fyrir svæðið.

Mikilvægt er, að mati þátttakenda, að kortleggja núverandi nýtingu og tryggja þau hlunnindi sem þegar eru nýtt. Einnig að skipulagið ætti að byggja á rannsóknum. Bent var á að við kortlagningu auðlinda ætti að taka tillit til framtíðarvirðis og vísað til notavirðis og geymsluvirðis, auk gjafaerfðavirðis.³

Ekki var ljóst, í hugum þátttakenda, hvernig ætti að afmarka skipulagssvæðið. Sagt var: „Ef á að skipuleggja, þá þarf það að vera fyrir utan línuna, þ.e. utan við Oddbjarnarsker, Hagadrápssker, Stagley. Ekki hægt að klína haf- og strandsvæðaskipulagi inn fyrir línuna inn á milli eyja og skerja“. Er hér vísað til skilgreiningar á verndarsvæðinu samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, þar sem segir í 2. grein: „Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu“.⁴

Þá var kallað eftir því „...að klára löggjöf þannig að skipulagsvald sveitarfélaga gildi innan hnitsetts svæðis“. Er þar væntanlega vísað til þess að strandsvæði, utan 115 metra frá stórstraumsfjöruborði fari undir skipulagslögsögu sveitarfélaga.⁵ Þetta tengist einnig tillögu um hnitsetningu á mörkum verndarsvæðis, sem sagt er frá í næsta kafli.

³ Samanber greiningu Vífils Karlssonar hagfræðings, „Hagraent virði Breiðafjarðar“ <https://ssv.is/wp-content/uploads/2024/03/Hagraent-virdi-Breidafjardar-skysla.pdf>

⁴ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>

⁵ Sjá stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022 – 2026, lið 1.5 í kafli um meginmarkmið og leiðarljós, bls. 4: <https://www.samband.is/wp-content/uploads/2022/12/stefnumorkun-2022-2026.pdf>

Spurt var hvort skilgreina ætti dýptarmörk í slíkri skipulagsvinnu. Einnig var talað um að „þrýsta á sjómælingar og kortagerð“.

Nokkur atriði voru nefnd um nýtingu á sjó og landi, sem ættu að vera viðfangsefni í stefnumörkun í skipulagsvinnu, að mati þátttakenda:

■ Orka

- Sjálfbær nýting og orkuöflun > sjávarstraumar.
- Nýting hafstrauma til orkuframleiðslu.
- Rannsóknarsetur er rannsaki virkjun sjávarfalla! Hvammsfjörður / Breiðafjörður.
- Þarf að skipuleggja fyrir aukna orkuvinnslu s.s. sjávarfallavirkjanir. Þær myndu líklega lenda utan skipulags innan landeigna landeigenda.
- Jarðhitanyting í eyjunum.
- Skiptar skoðanir um vindmyllur, m.a. vegna mögulegra áhrifa á fuglalíf, sjónmengun og förgun þegar þær verða ónýtar.
- Bent var á að stefnumörkun á Breiðafjarðarsvæðinu tengist forgangsörðun í orkumálum á landsvísu og spurt: „Hvað notum við orkuna okkar í?“.

■ Fiskeldi

- Fiskeldi á ekki að leyfa í Breiðafirði og er ekki leyft eins og staðan er í dag, enda ber Breiðafjörður ekki laxeldi.

■ Ræktun

- Fullvinna – virðisauki: Kræklingarækt og ræktun á þara og þörungum.

■ Verðmæt náttúra

- Verðmætin liggja í grunnsævi.
- Hafa í huga að brjóta ekki nýtt land undir orkuöflun. Minnug þess að við erum ríkust Evrópuþjóða af ósnortinni náttúru. Höldum því.
- Vantar næstu 2 – 5 árin: Bregðast strax við > æðarvarp í hnignun? Tímasett markmið.

■ Skemmtiferðaskip

- Mörk á fjölda skemmtiferðaskipa og -farþega.

Vísað var til landslagssamnings Evrópu og sagt: „Virkja landslagssamninginn, menningarlandslag, menningarminjar, lifandi menningararfur“. Samkvæmt honum, er lögð áhersla á landslag við skipulagsgerð og mannvirkjahönnun.⁶



⁶<https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/frettir/landslagssamningur-evropu-tekur-gildi-her-a-landi>

„Samráð við heimamenn við ákvarðanatöku“

3.2. Mörk verndarsvæðis hnitsett

Stýrihópur leggur til að:

Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar verði hnitsett.

Tillagan fékk almennt góðar undirtektir í umræðum, enda töldu þátttakendur mikilvægt að hafa þetta á hreinu. Þetta væri „sjálfsagður hlutur og ætti að gera sem fyrst“, eins og það var m.a. orðað. Með hnitsetningu ættu mörkin að vera skýr. En það kom einnig fram að ekki er algjör einhugur um verndun Breiðafjarðar, eða eins og það var orðað: „Viljum ekki verndarsvæði“. Og ef ekkert er verndarsvæðið, er ekki þörf fyrir hnitsetningu.

Einnig var rætt um mögulega annmarka á hnitsetningu og spurt hvort hún sé möguleg. Jafnframt komu upp vangaveltur um forsendur fyrir mælingum, t.d. við hvaða sjávarhæð ætti að miða. Þá var spurt: „Hvar endar gildissvið laga um Breiðafjörð?“ og hvatt til þess að „...ganga ekki lengra en þörf krefur“.

Lögð var áhersla á að „skipulagsvald sveitarfélaga gildi innan hnitsetts svæðis“.

Loks var bent á að náttúran fylgir ekki þeim línunum sem mennirnir draga og sagt: „Mörk verndarsvæðis eru óljós að því leiti að aðgerðir utan þess hafa bein áhrif innan verndarsvæðis. Til dæmis geta vindmyllur haft áhrif á hafarni, en þar er Breiðafjarðarnefnd ekki umsagnaraðili, heldur eru hennar viðfangsefni „mjög niðurnjörvuð á fjöru og fjöruborð“. Á sama hátt heyri fuglabjarg og sjórinn þar undir, saman. „Fuglabjörgin eru verðlaus og jafnvel óbyggileg ef sjórinn gefur ekki“, eins og það var orðað. Þess vegna ætti að vinna út frá vistkerfisnálgun.

Stungið var upp á að það yrði skoðað samhliða, hvort sveitarfélögin Vesturbyggð og Snæfellsbær vilji stækka verndarsvæðið.

⁷https://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/20210119_framtid_Breiðafjarðar_2021.pdf

3.3. Greina kosti og galla UNESCO, Ramsar og Þjóðgarðs

Í verkefni Breiðafjarðarnefndar, Framtíð Breiðafjarðar, árið 2021, var fjallað um leiðir að því markmiði að varðveita náttúru og menningu svæðisins samhliða því að styrkja enn frekar samfélögin umhverfis fjörðinn, þar á meðal atvinnulíf.⁷

Þrjár hugmyndir komu til umræðu, að skrá Breiðafjörð á Ramsarskrá um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði, að Breiðafjörður fari inn á Heimsminjaskrá UNESCO (Menningarmálastofnunar sameinuðu þjóðanna) um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins, eða að gera Breiðafjörð að þjóðgarði.

Stýrihópur leggur til að farið verði í að:

Greina kosti og galla þess að skrá verndarsvæði Breiðafjarðar (eða hluta þess) á lista UNESCO, á Ramsar skrá og/eða að gera Breiðafjörð að þjóðgarði.

Í umræðum komu fram nokkuð skiptar skoðanir um þessa tillögu, allt frá því að sjá tækifæri í slíkum skilgreiningum til þess að vara sérstaklega við öllum þremur hugmyndunum.

Fram kom sterk áhersla á staðbundna stjórnun, sem sé lyklatríði og forsenda, hvaða stefna sem verður tekin. Íbúar gjalda varhug við því að stjórn Breiðafjarðar verði „...flutt til stofnana erlendis eða á höfuðborgarsvæðinu“. Þar var bent á að „of mikil miðstýring getur rænt frumkvæði og sjálfbjargarviðleitni“.



„Hvar endar gildissvið laga um Breiðafjörð?“

Þó voru ágætтар undirtektir við þá tillögu stýrihóps að þessar þrjár leiðir verði skoðaðar, hver fyrir sig og kostir og gallar greindir. Markmiðið væri að heimamenn viti meira um málið, til að geta myndað sér skoðun. Sagt var: „Heimamenn óttast að stjórnun nýtingar fari frá landinu. Hagsmunaárekstrar við nýtingu auðlinda >> þarf að tryggja jafnvægi nýtingar og verndunar. Skiptir miklu máli“.

Einn hópur tók sér fyrir hendur að greina kosti og galla, sem hér segir.

■ Kostir

- Komið að hluta í Breiðafjörð, súðbyrðingur er á UNESCO.⁸
- Atvinnuskapandi.
- Viðurkenning á svæðinu.
- Tryggir sjálfbæra nýtingu með rannsóknnum og vöktun.
- Verðmæti vara getur hækkað s.s. með sjálfbærnistimpli eða stimpli þjóðgarðs.
- Innviðaupbygging stóreykst.

■ Gallar

- Fólk veit almennt ekki hvað felst í þessu.
- Hræðsla við að missa valdið.

Eftirfarandi atriði rötuðu á blað um hvern kost fyrir sig:

Ramsar

- Ramsar tekið út (ráðum litlu).
- Ramsarsvæði á fjörur í Dölum og Reykhólahreppi. Margir kostir við það, engir gallar. Ekki allt undir, miklar fjörur leirur (grunnsævi), fjölbreytt lífríki, flóra, jurtir, fuglar, spendýr.

⁸ Visar til þess að árið 2021 var smíði og notkun norrænna súðbyrðinga, sett á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/12/14/Sudbyrdingar-a-skra-UNESCO-yfir-oathreifanlegan-menningararf/>

⁹ Visar til alþjóðlegs samkomulags um líffræðilegan fjölbreytileika, en kjarninn í því er svokallað 30x30 markmið. Þar heita löndin því að vernda 30% af landi og 30% af hafsvæðum fyrir árið 2030. Ísland hefur skrifað undir stuðning við þetta markmið. <https://www.ruvis/frettir/erlent/2022-12-18-drog-ad-sattmala-um-verndun-landsvaeda-logd-fram-i-dag>

UNESCO

- UNESCO burt.
- Kynna starfsemi UNESCO betur (áhugavert).
- Aðild að UNESCO – gæti aukið áhuga á svæðinu, sem hefur bæði kosti og galla í för með sér.
- Spurning með UNESCO friðun, hvað myndi það þýða. Er það ekki iþyngjandi?
- UNESCO + Ramsar >> votlendi. Erum þegar búin að skrifa undir verndun 30/30.⁹

Þjóðgarður

- Þjóðgarður tekið út (allt er í einkaeigu).
- Við viljum ekki að Breiðafjörður verði settur í þjóðgarð.
- Þjóðgarður: Fleira fólk á svæðið kallar á betri innviði s.s. vegasamgöngur.
- Þjóðgarður, meiri og opnari umræðu og kynningu.
- Athuga í alvöru með þjóðgarð.
- Betri kynningu og umræðu um þjóðgarð.
- Þjóðgarður við Breiðafjörð: Skilmálar, stærð, tenging við Dynjanda. Sjávarbotn, kortlagning auðlinda (þari, skeldýr, uppvaxtarsvæði). Athuga hvaða möguleikar felast í grunnsævinu.

Varðandi verndun almennt var m.a. sagt: „Verndun er til að tryggja áframhaldandi notkun. Bændur hafa varið sín tún sem er verndun“. Einnig að ákvarðanir um verndun veki hræðslu við friðun. Þá var kallað eftir því að ekki verði sett á verndun sem „...útilokar virkjanir eða sjálfbæra nýtingu“.

Loks komu fram þessi skilaboð: „Sjálfbærni er lykillinn. Mikilvægt að greina kosti og galla til að hægt sé að taka upplýsta ákvörðun“.

„Fólk veit almennt ekki hvað felst í þessu“

3.4. Samtal sveitarfélaga á svæðinu

Við Breiðafjörð eru 6 sveitarfélög; Vesturbyggð, Reykhólahreppur, Dalabyggð, Sveitarfélagið Stykkishólmur, Grundarfjarðarbær og Snæfellsbær.

Stýrihópur leggur til að:

Sveitarfélög á svæðinu skapi sameiginlegan vettvang til samtals.

Hjá þeim sem á annað borð tjáðu sig um þessa tillögu, kom fram skýr stuðningur við hana. Kallað var eftir samtali og samvinnu sveitarfélaga á svæðinu, enda væri aukið samtal af hinu góða. Sagt var: „Samstaða sveitarfélaga er lykilatriði“, en einnig lögð áhersla á sjálfstæði hvers og eins sveitarfélags. Eða eins og það var orðað: „Sjálfsagt að hafa samtal til að safna upplýsingum en ekki til að hafa stjórnaráhrif á önnur sveitarfélög“.

Nefndur var sá möguleiki að slíkt samtal væri „hugsanlega hægt að spyrða við Breiðafjarðarnefnd > að heimamenn hafi meira vægi“.

Bent var á að verði unnið haf- og strandsvæðaskipulag fyrir Breiðafjörð, sé þar vettvangur samstarfs, meðan á þeirri vinnu stendur.

Loks var minnt á að: „...orðið **Breiðfirðingar** er sameiningartákn“ og spurt hvort gæti falist tækifæri í því að sveitarfélögin sex við Breiðafjörð, myndu sameinast.



„Aukið samtal væri af hinu góða“

3.5. Öflugar rannsóknir og þekkingarnet

Stýrihópur leggur áherslu á:

Öflugar rannsóknir – rannsóknastofnanir og þekkingarnet við Breiðafjörð.

Óhætt er að segja að um þessa tillögu komu engar efasemdir, en þátttakendur á fundunum höfðu ýmislegt fram að færa varðandi hvað skuli rannsaka, hver skuli gera það og hvernig það verði fjármagnað.

„Rannsóknir eru lykillinn að sjálfbærri nýtingu auðlinda“, var sagt og lögð áhersla á að allar ákvarðanir eigi að byggjast á faglegum rannsóknum. Sagt var að skortur á rannsóknum sé verulega áberandi og þar tekin dæmi um náttúrurannsóknir, rannsóknir á menningu og sögu og siglingaleiðum. Rannsóknir séu mikilvægar til að viðhalda þekkingu.

Stungið var upp á að safna þekkingu sem þegar er til hjá heimafólki á svæðinu og mikilvægt að skrásetja áður en hún hverfur. Slíkar upplýsingar verði síðan notaðar til grundvallar frekari rannsóknum. Í þessu sambandi var m.a. nefnt dæmi um meðafla, t.d. þegar fuglar villast í net.

Mælt var eindregið með því að „tvinna saman þekkingu sérfræðinga og þeirra sem eru að nýta / atvinnulíf og heimamenn“.

Eftirfarandi atriði voru nefnd sem rök með því að stunda rannsóknir:

- Nauðsynlegt að vera með rannsóknir og vöktun til að tryggja sjálfbæra nýtingu.
- Leggja áherslu á rannsóknir á þölmörkum auðlinda.
- Rannsóknir, auka nýtingu á afurðum úr Breiðafirðinum.
- Miðlun og fræðsla; heimamenn og ferðamenn.

Fram kom áhersla á heildarsýn, eða vistkerfisnálgun í rannsóknum:

- Rannsaka þarf nýtingu fjarðarins í heild.
- Nýting á einni afurð / einum stað má ekki vera á kostnað annarra. HEILDIN SKIPTIR MÁLI.

Áhugi er á auknum rannsóknum á þara og þangi sérstaklega, bæði til að fá niðurstöðu um mögulega nýtingu, en einnig áhrif á lífríkið. Stefna ætti að því að hafa „...heildarsýn í þessum málum með skírskotun til framtíðar og sjálfbærni“. Sérstaklega þurfi slíkar rannsóknir að skoða sjálfbærni uppeldissvæðis fisks og að frekari nýting sé ótímabær meðan ekki sé vitað um mikilvægi þessara svæða. Eða eins og það var orðað: „Þagróður / skjól fyrir uppvaðandi seyði. Rannsókn á sláttarþoli vegna seiðauppeldis. Viljum lífríkisrannsóknir“.

Þátttakendur horfðu til rannsóknasetra sem nú þegar eru starfandi við Breiðafjörð og tækifæra til að efla þau og sagt var um rannsóknir: „Þarf að dreifa um fjörðinn“. Þá sé mikilvægt að samhæfa rannsóknasetur og grundvalla hlutverk hvers og eins, þannig að minni samkeppni sé um fjármagn. Af einstökum rannsóknarsetrum var Fjörusetur á Barðaströnd nefnt af heimamönnum þar. Spurt var: „Hvernig er hægt að fá fólk á svæðið sem kann að stunda rannsóknir?“. Varðandi samstarf var m.a. vísað til hugmynda um þekkingarsetur í Stykkishólmi sem væri mikilvægt að koma á fót.

Rætt var um samspil rannsókna og atvinnulífs og spurt: „Hvernig aukum við rannsóknir á svæðum þar sem atvinnulíf er sífellt einsleitara?“ Þá var varpað fram þeirri spurningu hvaðan eigi að koma fé til atvinnusköpunar og rannsókna og m.a. sagt: „Rannsóknir x há tala“.

„Sjálfbær nýting byggir á rannsóknum og þekkingu. Náttúra + saga + menning“

3.6. Rannsóknaráætlun um þolmörk og vöktun

Auk tillögunnar hér á undan um öflugar rannsóknir almennt, ásamt þekkingarneti við Breiðafjörð, leggur stýrihópur til að gerð verði:

Rannsóknaráætlun um þolmörk vistkerfis Breiðafjarðar og vöktun á lífríki.

Ekki voru þátttakendur á eitt sáttir um tillöguna, samanber skilaboð hóps sem sagði: „Teljum ekki nauðsynlegt að auka vöktun. Lífríki eykst við útrýmingu vargs. Teljum peningum betur varið í eyðingu vargs en eftirlit“.

Að öðru leyti fékk tillagan góðan hljómgrunn og m.a. sagt að þetta væri mikilvægt. Leggja þurfi áherslu á rannsóknir á þolmörkum auðlinda og gera það út frá vistkerfisnálgun. Tekið var dæmi um samspil ólíkra tegunda, og þar nefnt þari og grásleppur og þari og æðarkollur. Einnig var kallað eftir því að skoða áhrif ferðamanna á verndarsvæði og samfélag.

Rætt var um að efla rannsóknir hjá stofnunum á svæðinu og samráð við heimafólk, í rannsóknum á þoli vistkerfis. Varðandi samspil rannsókna og atvinnulífs var m.a. sagt: „Aukinn stuðningur við rannsóknir er það sem þarf til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Rannsóknir og atvinnulíf eru ekki andstæðingar heldur eiga að vinna saman“.

Til að efla rannsóknir þarf fjármagn og því þarf að „fá fé í rannsóknir. Veist ekki hvert þú ert að stefna ef þú þekkir ekki núllpunktinn“, eins og það var orðað.

Þá voru nefnd þau tækifæri sem rannsóknir geta skapað til miðlunar þekkingar og að tilvalið væri að veita upplýsingar og kynna niðurstöður rannsókna í gestastofum. Þær gætu verið eins konar „hlið“, eða eins og sagt var: „Það vantar hlið „Breiðafjörður“.“

„Rannsóknir og atvinnulíf eru ekki andstæðingar heldur eiga að vinna saman“



SSV



Vestfjarðastofa

3.7. Landvarsla verði efl

Árið 2019 úthlutaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið fjármagni til landvörslu við Breiðafjörð, en landvörslu hefur ekki verið komið í skipulagt horf. Því leggur stýrihópur til að:

Landvarsla verði efl í þeim tilgangi að auka umsjón með og fræðslu um svæðið.

Hér, líkt og í umræðu um flestar tillagnanna, komu fram skiptar skoðanir. Sumir þátttakenda höfðu efasemdir og töldu vanta frekari rök fyrir landvörslu. Spurt var: „Er það til bóta? Hverju skilar það?“. Og einnig: „Nei, treystum þeim sem byggja landið“. Þá var varpað fram þeirri spurningu hvort landvarslan sem slík gæti aukið umferð og ágang um svæðið og spurt: „Hvað með eignarétt eyja eigenda og landeigenda?“. Og varðandi eignarhald almennt var sagt: „Af hverju á einhver utanaðkomandi að skipta sér af minni eign?“.

En það var líka tekið undir hugmyndina í mörgum hópnum. Bent var á að þau eru margvísleg og ólík, landsvæðin við Breiðafjörð og m.a. vísað til Snæfellsness og þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, en innan hans starfa landverðir. Í því sambandi var nefnt að landvarsla eigi við í þjóðgarði, en „bændur gæta síns lands“.

Fram kom að „ferðamenn eru það dreifðir að landverðir nýtast takmarkað, helst í Flatey og á þéttbýlisstöðum á Snæfellsnesi“.

Af einstökum stöðum, var einmitt mest talað um landvörslu í Flatey, samanber „þarf stöðuga landvörslu í Flatey og stýringu á farþegum úr skemmtiferðaskipum, ekki bara stundum. Viðvera við friðlandið þarf að vera. Þarf líka á svæðum þar sem er minni trafik“. Og „landverði þarf í Flatey, nær allt árið!“.

Bent var á að „landvarsla ein og sér er ekki að virka“, en það ekki skýrt nánar.

Ýmsir sáu líka tækifæri og var t.d. nefnt að efla mætti ferðamennsku undir leiðsögn í eyjum Breiðafjarðar og m.a. vísað til hagkerfis eyjanna hér áður fyrr.

Talsverð umræða varð um að hvetja heimamenn eða staðkunnuga til að læra landvörslu og m.a. færð þau rök að fræðsla og miðlun eigi heima hjá heimamönnum. Stungið var upp á að koma upp námsbraut við Fjölbrautaskóla Snæfellinga til að kenna landvörslu og einnig kallað eftir því að fá námskeið landvarða strax í vor, 2024. Þá nefndu þátttakendur þann möguleika að bjóða upp á námskeið á netinu og/eða bjóða styrki, til að hvetja og styrkja heimamenn til að taka landvarðanámskeið.¹⁰

Að lokum, með orðum eins af hópnum: „Aukin landvarsla er lykilþáttur í að bæta aðgengi – fræða – vernda svæðið. Viðhalda þekkingu um svæðið og ná þekkingu heimafólks“.

¹⁰ Umhverfisstofnun býður upp á landvarðanámskeið <http://co2.ust.is/nattura/landvarsla/landvarðanamskid/>

„Ólík svæði við Breiðafjörð og þ.a.l. ólíkar þarfir“

3.8. Starf Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd er skipuð sjö fulltrúum, formanni sem skipaður er án tilnefningar, einum fulltrúa frá Minjastofnun og einum sameiginlega frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða. Fulltrúar sveitarfélaganna við Breiðafjörð eru fjórir, einn frá hverjum af þremur sveitarfélögum, Reykhólahreppi, Vesturbyggð og Dalabyggð. Sveitarfélögin við norðanverðan Breiðafjörð, þ.e. Sveitarfélagið Stykkishólmur, Grundarfjarðarbær og Snæfellsbær, deila einum fulltrúa.

Tillaga stýrihóps hljóðar svo:

Auka framlög til að gera nefndinni betur kleift að sinna hlutverki sínu.

Í umræðum var vísað til þess að Breiðafjarðarnefnd er sameiginlegur vettvangur, en að nefndin þurfi að skilgreina hlutverk sitt betur, hún sé eyland og vanti jafnvel umboð og lagagrundvöll, eins og það var orðað. Spurt var um verkefni og valdsvið nefndarinnar.

Ýmsar skoðanir voru viðraðar um þessa tillögu, allt frá því að vera alveg sama, eða vilja leggja nefndina niður, eða í það minnsta ekki að auka fjárframlög til hennar, sbr.: „Við teljum ekki nauðsynlegt að auka fjárlög til Breiðafjarðarnefndar. Peningunum er betur varið í vargeyðingu“.

Sumir þátttakenda vörpuðu upp tveimur kostum. Annar væri sá að efla starf nefndarinnar, enda geti hún ekki sinnt sínu hlutverki með starfsmann í 25% starfi. Hinn kosturinn væri að „leggja niður og flytja annað“ og þá nefnt að „setja Breiðafjörð undir nýja sameinaða stofnun náttúru- og minjaverndar á Íslandi“.

Mun fleiri atriði rötuðu á blað hjá hópunum varðandi það að efla starf nefndarinnar, en að draga úr starfsemi á hennar vegum og þá sagt „jákvætt að efla starf nefndarinnar. En hjálpar mikið ef rannsóknir og vöktun verða eflid“.

Hlutverk Breiðafjarðarnefndar byggir á lögnum um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995. Endurskoða þurfi lagaramma og veita nefndinni rýmra umboð. Einnig var sagt: „Lög um vernd Breiðafjarðar þarf að skoða, meðal annars með tilliti til alþjóðlegra samninga um náttúruvernd“.

Í því sambandi má benda á að í dag er Breiðafjarðarnefnd aðeins umsagnaraðili, en þá breytingu má m.a. rekja til lagabreytinga árið 2002, þegar ákveðin leyfi vegna framkvæmda voru færð til Umhverfisstofnunar.¹¹

Sagt var: „Breiðafjarðarnefnd þarf a.m.k. 100 milljónir til rannsókna á náttúru, nytjum, sögu, menningarminjum o.s.frv.“.

Loks var vísað til aðkomu sveitarfélaganna að Breiðafjarðarnefnd og spurt hvort þar þyrftu ef til vill að sitja kjörnir fulltrúar. Þá var sagt: „Viljum styrkja starf nefndarinnar og jafnframt gera hana að öflugum vettvangi sem fulltrúar allra sveitarfélaga eiga aðild að“.

¹¹ Sjá í lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 með síðari breytingum: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>

„Þyrftu að sitja kjörnir fulltrúar í Breiðafjarðarnefnd?“

3.9. Byggðapróun

Í greinargerð stýrihóps um byggðapróun er komið víða við og m.a. fjallað um búsetufrelsi, samgöngubætur, afhendingaröryggi raforku, fjarskiptamál, tækifæri í ferðapjónustu, endurskoðun reglugerða og nýsköpunarstarf. Um er að ræða málefni sem skipta miklu máli fyrir byggðapróun við Breiðafjörð og er stöðugt verið að vinna að. Þetta var kynnt á fundunum, en þátttakendur hvattir til að ræða aðallega um þær átta framangreindu tillögur sem stýrihópur mun leggja mesta áherslu á, í skilum sínum til ráðherra.


Nokkuratriði sem varðað byggðapróun, rötuðu þó á blaði umræðum. Þar var rætt um samgöngur og að tryggja þurfi fjármagn til nauðsynlegra úrbóta í vegamálum, enda séu vegasamgöngur grundvöllur alls.

Þátttakendur lögð sérstaka áherslu á afhendingaröryggi rafmagns og fjarskipti.

Varðandi ferðapjónustu kom annars vegar fram áhugi á að efla þá atvinnugrein á svæðinu en hins vegar hvatt til varúðar og sagt: „Ekki of marga ferðamenn“. Vísað var til áherslu á lifandi menningu og sögu og

þar annars vegar talað um svæðisleiðsögn, sem mögulegt sóknarfæri fyrir námsbraut við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Hins vegar var minnst á Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum, m.a. út frá varðveislu hefðbundinnar þekkingar, t.d. hefðbundinnar siglingatækni.

Sagt var: „Tökum heilshugar undir þessar tillögur sem eru löngu tímabærar og hefur verið beðið lengi eftir úrbótum. EN, hversu raunhæft? Þarf skýr tímamörk og alvöru eftirfylgni. Lykilatriði er að tryggja fjárveitingu“.



„Tökum heilshugar undir þessar tillögur, sem eru löngu tímabærar!“

4 Ályktanir

Degar dregnar eru ályktanir um skilaboð íbúafunda sem þessa, er ekki eingöngu horft til þess sem var sagt á fundunum, heldur einnig þess sem ekki var sagt. Hér er gerð tilraun til að lesa í skilaboð frá fundunum þremur, þar sem komu um 90 manns, sem bera hag fjarðarins og nærliggjandi svæða fyrir brjósti.

Óhætt er að segja að það ríki ákveðið grundvallarsamþykki heimafólks um verndun Breiðafjarðar og það er ekki vilji til þess að snúa til baka frá þeirri stefnu. Hins vegar megi verndunin ekki verða til þess að stöðva framþróun í atvinnulífi og þróun byggðar. „Við viljum menntað samfélag með fjölbreytta atvinnu og nýsköpun“, var sagt. Þetta fellur vel að sviðsmyndinni „Breiðfirskir straumar“, sem stýrihópur gengur út frá í tillögum sínum og sem ekki komu efasemdir um.

Mestu skiptir að heimamenn, samfélögin við Breiðafjörð, eigi aðkomu að ákvörðunum og að rannsóknir og nýting auðlinda verði sem mest í höndum heimamanna. Rannsóknir verði að verulegu leyti í höndum stofnana og setra heima fyrir og þar m.a. vísað til hugmynda um þekkingarnet. Þannig skapi einstakar auðlindir Breiðafjarðar, auðlegð fyrir þau samfélög sem liggja að firðinum.

Mikilvægt er að byggja á því sem fyrir er og ekki er kallað eftir því að draga úr nýtingu. Horfa á til nýrra tækifæra, sem gætu mögulega kallað á aukna nýtingu, en algjört skilyrði að slíkar ákvarðanir byggji á rannsóknum. Líta þarf á heildarmyndina með vistkerfisnálgun að leiðarljósi, þannig að tekið sé mið af áhrifum einnar tegundar á aðra, þ.m.t. varðandi uppeldissvæði fisks.

Forðast á allar öfgar og eins og það var orðað, er „...mikilvægast af öllu að vinna í góðri sátt og samvinnu við heimamenn þannig að þeir upplifi ekki að sér sé ógnað. Þeir þurfa líka að hlusta og vinna af opnum hug“.

Frekari ákvarðanir um verndun, sbr. UNESCO, Ramsar eða þjóðgarð eru ekki tímabærar, en þarf að skoða til hlítar.

Sú tillaga að hefja vinnu við haf- og strandsvæðaskipulag fyrir Breiðafjörð, hefur m.a. þann kost að þar yrði til farvegur fyrir áframhaldandi samtal um stefnu til framtíðar. Sá áhugi sem íbúar við Breiðafjörð hafa sýnt með mætingu á fundina um tillögur stýrihóps, er dýrmætur. Afrakstur þessa samtals að vori 2024 gæti líka nýst að ýmsu leyti við þá skipulagsvinnu og því mikilvægt að það ferli hefjist sem fyrst.

Fólk var þakklátt fyrir að fá þetta tækifæri til samtals um málefni Breiðafjarðar, jafnvel þó það teldi sig ekki alltaf þekkja nægilega vel til mála. Fundirnir gáfu þó tækifæri til að upplýsa og það var líka vel metið.

Eitt af grunngildum IAP2, International Association for Public Participation, hljóðar svo: „*Dátttaka almennings byggir á þeirri trú að þegar teknar eru ákvarðanir, eigi þeir sem ákvörðunin hefur áhrif á, rétt á að taka þátt í ákvörðunartökuferlinu*“.¹²

Því snýst leitin að jafnvægi milli verndar og nýtingar, ekki aðeins um ákvarðanir, stefnumörkun eða útkomu, heldur líka að það ríki jafnvægi í ferlinu sjálfu. Ákvarðanir um breytta stefnu, sem væru teknar af ríkisvaldi gætu vel falið í sér æskilegt jafnvægi, en ef heimamenn hafa ekki átt aðkomu, er hætta á að þeir upplifi það sem ógn og því verði síður bakland við slíkar ákvarðanir.

Samtalið um framtíðina er hafið og það þarf að halda áfram ef stefna á að jafnvægi og sjálfbærni við Breiðafjörð.

¹² Grunngildi um þátttöku almennings, af vef International Association for Public Participation: <https://www.iap2.org/page/corevalues>

Heimilidir

Alþingi 2024. *Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995.*

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>

Breiðafjarðarnefnd 2021. *Framtíð Breiðafjarðar. Samantekt og niðurstöður upplýsingaöflunar og samráðs.* Ritstj. Theódóra Matthíasdóttir. 119 bls.

Festa, miðstöð um sjálfbærni 2024. *Hvað er sjálfbærni?*

<https://www.sjalfbaer.is/sjalbaerni>

International Association for Public Participation, *IAP2 2018. IAP2 Spectrum of Public Participation.*

https://cdn.ymaws.com/www.iap2.org/resource/resmgr/pillars/Spectrum_8.5x11_Print.pdf

Jakob Johann Stakowski 2023. *Stöðugreining Breiðafjarðarsvæðis.* Unnið fyrir stýrihóp vegna forsendugreiningar fyrir verndun Breiðafjarðar með tilliti til byggðaðróunar og sjálfbærrar nýtingar. 109 bls.

<https://ssv.is/wp-content/uploads/2024/03/Stodugreining-Breidafjardarsvaedis.pdf>

KPMG 2023. *Framtíð Breiðafjarðar – Sviðsmyndir um mögulega framtíð Breiðafjarðar 2040.* 28 bls.

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Breidafjordur/svidsmyndir-um-framtid-breidafjardar.pdf>

RÚV 2022. *Drög að sáttmála um verndun landsvæða lögð fram í dag.*

<https://www.ruv.is/frettir/erlent/2022-12-18-drog-ad-sattmala-um-verndun-landsvaeda-logd-fram-i-dag>

Samband íslenskra sveitarfélaga 2023. *Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022 – 2026.*

<https://www.samband.is/wp-content/uploads/2022/12/stefnumorkun-2022-2026.pdf>

Skipulagsstofnun 2020. *Landslagssamningur Evrópu tekur gildi hér á landi.*

<https://www.skiplag.is/skiplagsstofnun/frettir/landslagssamningur-evropu-tekur-gildi-her-a-landi>

Stjórnarráð Íslands 2021. *Súðbyrðingar á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf.*

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/12/14/Sudbyrdingar-a-skra-UNESCO-yfir-oathreifanlegan-menningararf/>

Umhverfisstofnun 2024. *Landvarðanamskeið.*

<http://co2.ust.is/nattura/landvarsla/landvardanamskeid/>

Umhverfisstofnun 2021. *Landvarsla við Breiðafjörð 2020.*

<https://ust.is/library/sida/Nattura/Landvarsla%20vi%c3%b0%20Brei%c3%b0afj%c3%b6r%c3%b0%202020.pdf>

Vífill Karlsson, Ph.D 2024. *Hagrænt virði Breiðafjarðar – Getur hagfræðin metið hagrænt virði Breiðafjarðar og hvert væri það?* Unnið fyrir stýrihóp vegna forsendugreiningar fyrir verndun Breiðafjarðar með tilliti til byggðaðróunar og sjálfbærrar nýtingar. 15 bls.

<https://ssv.is/wp-content/uploads/2024/03/Hagraent-virdi-Breidafjardar-skyrsla.pdf>



SSV



Vestfjarðastofa

Framtíðarmöguleikar Breiðafjarðar – Skilaboð íbúafunda





SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



Vestfjarðastofa



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Útgefið í apríl 2024